

AUGLÝSING

um skipulagsmál í Hafnarfjarðarkaupstað.

Breyting á deiliskipulagi fyrir lóðina Áshamar 34-40 í Hamranesi.

Í samræmi við skipulagslög nr. 123/2010 samþykkti bæjarstjórn Hafnarfjarðar á fundi sínum 5. nóvember breytingu á deiliskipulagi fyrir lóðina Áshamar 34-40. Breytingin felst í að íbúðum er fjölgað úr 84 íbúðum í 105 íbúðir. Byggingarmagn eykst ekki en stórum íbúðum er breytt í tvær íbúðir undir 80 fm. Það er gert með því að skipta 21 íbúð sem eru yfir 130 fm í tvær minni íbúðir. Bílastæðum fjölgar úr 105 stæðum í 110 stæði og bílastæðum hreyfihamlaðra fjölgar úr 5 stæðum í 6 stæði. Málsmeðferð var skv. 1. mgr. 43. gr. ofangreindra laga.

Uppdráttur ásamt greinargerð og skipulagsskilmálum hafa hlotið þá meðferð sem ofangreind lög mæla fyrir um. Deiliskipulagið öðlast þegar gildi.

Hafnarfirði, 8. desember 2025.

F.h. umhverfis- og skipulagssviðs,
Anna Margrét Tómasdóttir verkefnastjóri.

B deild - Útgáfudagur: 22. desember 2025